

Fljótsdalshérað  
Skipulags- og byggingarfulltrúi  
Lyngási 12  
700 Egilsstaðir

Reykjavík 20. febrúar 2018  
UST201712-198/K.S.J.  
10.04.02

### **Efni: Aðalskipulag - Fljótsdalshérað 2008 - 2028 - Davíðsstaðir**

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Fljótsdalshéraðs er barst 22. desember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að breytni landnotkun á Davíðsstöðum, áður Hleinagarður II.

#### **Frístundabyggð**

Í greinargerð kemur fram að í gildandi deiliskipulagi er gert ráð fyrir 89 frístundalóðum, en á því svæði er gert ráð fyrir landbúnaðarlandi í breytingartillögu. Samkvæmt breytingartillöggunni er frístundabyggð áætluð á 15 lóðum á 7 ha svæði. Einnig er gert ráð fyrir nytjaskógrækt á 52 ha svæði, og ferðaþjónustu í tengslum við búskap.

#### **Nytjaskógrækt**

Þar sem áætlað er að rækta nytjaskóg á 52 ha lands innan jarðarinnar Davíðsstöðir, bendir Umhverfisstofnun á eftirfarandi: Innan svæðisins eru vötn og ár og í skipulagsreglugerð nr. 90/2013 kemur eftirfarandi fram í gr. 5.3.2.14., Skipulag við vötn, ár og sjó. „*Í þéttbýli skal lögð áhersla á að almenningur geti komist að og meðfram vötnum, ám og sjó eftir því sem hægt er á viðkomandi svæði. Við afmörkun lóða á svæðum utan þéttbýlis skal þess gætt að rými sé fyrir aðkomu að og meðfram vötnum, ám og sjó. Utan þéttbýlis skal ekki reisa mannvirki nær vötnum, ám eða sjó en 50 m. Þó er heimilt að reisa samgöngumannvirki svo sem brýr og stíflur og fyrirhleðslur í tengslum við virkjanir fallvatna og varnir gegn ágangi sjávar og vatns nær vötnum, ám og sjó en 50 m.*“ Það er mikilvægt að mati Umhverfisstofnunar að gert sé ráð fyrir aðkomu almennings meðfram ám og vötnum í áætlun um skógrækt. Einnig er mikilvægt að mati stofnunarinnar að tekið sé tillit til náttúruminja er njóta sérstakrar verndar skv. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd, og ákvæða um almannarétt í IV kafla sömu laga.

#### **Matsskylda**

Umhverfisstofnun tekur undir umfjöllun um matsskyldu, og áherslu aðalskipulags á náttúruvernd.

**Mat á umhverfisáhrifum**

Umhverfisstofnun tekur undir þá stefnu að samræma á ásýnd skógræktar og klapparása sem eru einkennandi fyrir svæðið.

Beðist er velvirðingar á hve langan tíma hefur tekið að svara erindinu.

Virðingarfyllst

Kristín S Jónsdóttir  
Kristín S Jónsdóttir  
sérfræðingur

Rachel Kristjánsdóttir  
Rachel Kristjánsdóttir  
Sérfæðingur